



## Umsögn Samtaka um dýravelferð á Íslandi við drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum

Samtök um dýravelferð á Íslandi (SDÍ) harma þá ákvörðun ráðherra að leyfa blóðtöku fylfullra mera áfram næstu þrjú ár. Samtökin vilja leggja til eftirfarandi breytingar á drögum þessarar reglugerðar með það að markmiði að gera hryssum þeim er notaðar eru til blóðtöku, lífið bærilegra.

### 5 gr.

d) *Skráning á öllum slysum og dauðsföllum sem verða hjá hryssum og folöldum.*

Við leggjum til að skrá eigi einnig fylgikvilla blóðtöku.

Greinin hljóði þannig:

*Skráning á öllum slysum, dauðsföllum og fylgikvillum blóðtöku sem stafar af áföllum, álags og meðhöndlun hryssanna fyrir, undir og eftir blóðtöku.*

e) *Mælingar hjá opinberri rannsóknastofu á blóðrauða og blóðkornahlutfalli á marktæku hlutfalli hryssnanna á hverju ári*

SDÍ telur það óásættanlegt að mælingar á blóðrauða verði áfram í höndum Ísteka ehf og telur nauðsynlegt að það falli í hlut óháðs aðila. Hér þarf að skilgreina hvað marktækt hlutfall telst vera. Hingað til hefur verið notast við mælingar sem unnar eru og framkvæmdar af Ísteka.

Mælingarnar hafa verið gerðar á minna en 2% úrtaki hryssa sem verður að teljast ófullnægjandi. SDÍ leggur til að mæla eigi blóðrauða allra hryssa er undirgangast eiga blóðtöku vegna breytileika einstaklinga. Þannig megi forða þeim hryssum sem eru blóðlitlar frá blóðtöku.

### 8 gr.

e) *Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 6 vikur ár hvert.* Engar vísindalegar rannsóknir eru til sem sýna að blóðtaka í þessu magni sé hryssunum skaðlaus. Samkvæmt skýrslu starfshóps þá telur Eggert Gunnarsson dýralæknir og upphafsmaður blóðtöku fylfullra mera að tíðni blóðtökur ættu að vera framkvæmdar í 5 vikur að jafnaði. Samtökin hafa ítrekað gagnrýnt það magn blóðs sem tekið er. Fimm lítrar af blóði eru 15-20% af heildarblóðmagni íslenska hestsins. Að blóð sé tekið í þessu magni þekkist hvergi og benda öll vísindi um blóðtöku spendýra til þess að hér sé gengið langt úr fyrir heilsusamleg mörk. Þegar fulltrúar SDÍ funduðu með ráðherra var tekið skýrt fram að vinna starfshóps og ný reglugerð væri til þess fallin að tryggja velferð hryssanna. Ef ráðherra leyfir þessum 5 lítrum að standa þá er það ljóst að fjárhagslegir hagsmunir hafi verið hafðir í fyrirúmi frekar en velferð. Ef tryggja á líkamlega heilsu þá skal farið eftir þeim velferðarmörkum sem þekkjast. Það eru 7.5% af heildarblóðrúmmáli vikulega sem jafngildir 2 lítrum blóðs. Of margt bendir til þess að hið tillagða blóðmagn sé of mikið og uns úr því fæst skorið með óháðum rannsóknum, skal blóðmagnið ekki yfirstíga vafamörk.

Greinin hljóði þannig:

*Aldrei má taka meira en 2 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 5 vikur ár hvert.*

g) *Aðeins má taka blóð úr hryssum sem hafa náð fjögurra vetra aldri (verða 4 ára á árinu) og ekki má taka blóð úr hryssum sem eru eldri en 24 vetra*

Samkvæmt skýrslu starfshóps þá telur Eggert Gunnarsson dýralæknir og upphafsmaður blóðtöku fylfullra mera að hryssurnar eigi ekki að vera eldri en 20 vetra. SDÍ leggur til að aldursmörkum verði breytt samkvæmt því.

Greinin hljóði þannig:

*“Aðeins má taka blóð úr hryssum sem hafa náð fjögurra vetra aldri (verða 4 ára á árinu) og ekki má taka blóð úr hryssum sem eru eldri en 20 vetra”*

k) *Aðstaða til blóðtöku skal vera þannig að ekki skapist hætta á að hryssur og folöld verði fyrir slysi.*

Augljóst er að sé smíði blóðtökubása í höndum hagsmunaaðila eða aðila sem ekki bera skyn á mikilvægi aðbúnaðarins með hliðsjón af velferð hryssanna, verði velferð dýranna fyrir borð borin. Af þeim sökum skal fara fram rækilegt mat á því hvernig þessir básar eiga að vera útbúnir og því lýst ítarlega í reglugerðinni. Þessi grein býður upp á of rúma túlkun og skilgreiningu á aðstöðu. Í þessum lið ætti að greina skýrar frá þeim staðalbúnaði og aðstöðu sem þarf til blóðtöku. SDÍ telur það rétt að kaupandi blóðs byggi blóðtökubása og standi undir þeim kostnaði er fylgi þeim framkvæmdum. Þannig má tryggja betur velferð hryssanna. Blóðtökubásar væru þá allir eins byggðir, með þeim hætti að sem minnst slyshætta stafi af þeim. Ísteka ehf. er eini kaupandi blóðsins og hefur skila góðum hagnaði síðustu ár. Það ætti því ekki að vera neitt til fyrirstöðu að fyrirtækið myndi fallast á þessa skilmála.

m) *Gætt skal að velferð hryssnanna við rekstur í rétt og við blóðtökuna með nærgætinni umgengni og uppbindingu.*

Rétt eins og rakið er í reglugerð um hestahald eru ríkar kröfur gerðar til hestaeigenda og þeirra sem annast um hross að gæta að líðan þeirra og velferð. Meðferð blóðmera er ekki undanskilin ákvæðum reglugerðar um hestahald, þ.m.t ákvæði um að þvinga hross, binda þau eða uppgefa með því um líku. Á þetta skal minnt í reglugerð um blóðmerar, þ.e. að vísa skal til reglugerðar 910/2014 varðandi umgengni og meðferð hrossa almennt.

n) *Ef blóðtakan veldur hryssu þjáningu eða ógnar velferð hennar skal dýralæknirinn umsvifalaust hætta blóðtöku á viðkomandi hryssu.*

Í reynd er óumdeilt að í lagalegum skilningi veldur þessi iðja hryssunum álagi og þjáningu. Hvernig og hvort það álag er kvarðað er skilgreiningaratriði og afar huglægt mat. Það verður hins vegar ekki hjá því horft að um er að ræða meðferð á hrossum sem stríðir gegn almennum ákvæðum reglugerðar 910/2014 og ef ætlunin er að þessi reglugerð hafi eitthvert gildi gagnvart eldri og gildandi reglugerð, er lykilatriði að þetta sé nákvæmlega skilgreint. Í ljósi þess að myndband AWF sýndi atvik þar sem dýralæknar stóðu aðgerðarlausir hjá á meðan blóðmerar voru beittar harðræði, sem svo síðar varð tilefni til lögreglukæru, er ekki traust til þess að sömu dýralæknar meti af rétttri dómgreind hvenær tilefni er til að stöðva aðgerð.

Í reglugerðina vantar eftirfarandi skilyrði:

- 1) Krafa um að hryssur sem notaðar eru til blóðtöku séu bandvanar.
- 2) Notast sé við smitfrítt verklag (aseptic technique) við blóðtöku til að stuðla að hreinlæti, lágmarka sýkingarhættu og örverusmit.
- 3) Við blóðtöku skal ný nál notuð fyrir hverja hryssu. Eins og vitað er, þá missir nál bit sitt með notkun. Með því að nota nýja nál í hvert sinn er hægt að lágmarka sársauka og tilheyrandi vefjaskaða.
- 4) Myndavélaeftirlit skuli vera með blóðtökunni sjálfri og meðferð hryssanna í leiðingu að og frá blóðtökubási líkt og Fagráð um velferð dýra hefur lagt til.

**Samantekið um reglugerðina:** Reglugerðin inniheldur annars vegar jákvæð atriði (3. gr. og 10. gr.) en hins vegar er leitt að sjá að lykilatriði dýravelferðar hunsuð eða vanta. Við viljum undirstrika mikilvægustu atriðin hvað það varðar, þ.e. að blóðmagnið sé minnkað og að krafa sé gerð um að merarnar séu bandvanar. Ráðherra hefur sagt opinberlega og á fundi við fulltrúa SDÍ að velferð hryssanna sé sá þáttur sem vegi þyngst við ritun reglugerðar. Ef þessi atriði reglugerðarinnar munu standa óbreytt þá má lesa úr henni að hagsmunir framleiðsluaðila hafi því miður fengið að ráða lögum og lofum.

## Önnur atriði:

### Tölfræðilegar upplýsingar um afföll

Í 16. tölublaði Bændablaðsins árið 2000 er haft eftir Halldóri Runólfssyni, þáverandi yfirdýralækni í viðtali við Morgunblaðið, að ein til tvær merar drepast árlega vegna blóðtöku sem eru „hverfandi afföll“. Ef við gefum okkur þær forsendur að árið 2004 hafi verið um 2.000 merar sem voru notaðar til blóðtöku og að það hafi drepist tvær á ári við blóðtökuna, væri það nú að lágmarki 6-8 árlega sé m.v. þær forsendur til gengið er út frá í þessum heimildum reiknað til dagsins í dag.

### Skortur á gögnum

Þau gögn sem liggja til grundvallar ákvörðunum um blóðmeraiðju eru ekki nægilega hlutlæg. Gamlar rannsóknir, gögn frá eftirlitspeganum, gögn sem hafa lítið vísindalegt gildi eru ekki nægjanleg. Seint á árinu 2021 var kallað eftir þeim rannsóknum sem oft var vísað í, rannsóknum þeim er áttu að sýna að neikvæð áhrif blóðtökunnar á heilsu þessara hryssa væru engin. Það kemur svo á daginn að engar slíkar rannsóknir eru til og það sem meira er að blóðmagn íslenskra hrossa hefur verið ofmetið um 10 lítra. Viðmiðunargildi fyrir blóðrauða hjá fylfullum hryssum eru ekki til. Engar járnsmælingar í blóði eru til fyrir þessar hryssur en járn er nauðsynlegt fyrir myndun blóðrauða og þar með rauðra blóðkorna. Vert er að nefna að járnþörf eykst á meðgöngu og framleiðsla blóðkorna er járnkrefjandi. Engar aðrar blóðefnamælingar er til, engin gögn um blóðþrýsting, hjartsláttartíðni eða öndunartíðni eftir blóðtöku. Engar þyngdarmælingar er til, hvorki þyngd hryssanna né afkvæma. Hvernig sem á þetta er litið er það ljóst að blóðtakan er umdeild og blóðmagnið gagnrýnt og ekki allir á sama máli.

Að Matvælastofnun hafi ekki á þessum langa tíma sem blóðmerahald hefur viðgengist staðið undir því að framkvæmd hafi verið óháð rannsókn á heilsu hryssanna er skammarlegt. Það er viðvaningslegt að ekki sé hægt að leggja fram óháðar niðurstöður rannsókna og að blóðmagn íslenska hestsins hafi ekki verið þekkt. Það er einnig furðulegt að starfshópur ráðherra hafi ekki lagt upp með að hefja skuli vísindalega ritrýnda rannsókn líkt og Dýralæknafélag Íslands hefur kallað eftir. Í stað telur starfshópur gögnin sem fyrir liggja nægjanleg og þurfi einungis að sannreyna tímabundið. Það er óásættanleg niðurstaða.

### **Heimild dýralækna**

Dýralæknar hafa ekki heimild til að framkvæma blóðtökuna en í 13 gr. í reglugerð um velferð hrossa 910/2014 er tekið fram að ekki megi framkvæma aðgerðir á hrossum án læknisfræðilegrar ástæðu. Læknisfræðilegur tilgangur er greining, meðhöndlun og lækning sjúkdóma og áverka, ávallt sjúklingnum í hag. Blóðtaka í iðnaðarskyni er langt frá því að falla þar undir.

### **Framtíð blóðmerahalds**

Reglugerð þessi gildir til þriggja ára og á sá tími að nýttast til að leggja mat á framtíð starfseminnar. Að mati samtakanna er varhugavert að bera blóðtökuna við annan búskap eins og t.d mjólkun. Þó sé vissulega brýn þörf á að endurskoða margt og bæta aðbúnað þeirra dýra sem haldin eru í matvælaíðnaði. Hér er um að ræða iðnað sem í kjarna sínum snýst um inngrip í æðakerfi dýra, sem krefst læknisverks. Blóð er lífsnauðsynlegur vökvi sem ætlaður er dýrinu sem framleiðir það og gegnir veigamiklu lífeðlisfræðilegu hlutverki í líkamanum. Mjólkin er ætluð afkvæmi þess dýrs er framleiðir hana. Ef við ímyndum okkur þá stöðu að hægt væri að framleiða verðmætt prótein úr augnhlaupi kinda eða legvatni kúa, sem sótt væri reglulega í staðdeyfingu. Myndum við réttlæta gjörning þann með fjárhagslegum gróða? Einhvers staðar verðum við að draga mörkin í því hvernig maðurinn hagnýtir dýr.

Aðalspurningin er “hvað er í lagi” að gera við dýr árið 2022? Hún varðar það í hvernig tengslum, við sem samfélag, viljum vera við aðrar lifandi verur. Fyrir 40 árum þótti nægilegt að dýrið lifði eða dó. Hvernig dýrinu leið skipti ekki máli. Það er ekki lengur skilningur samtímans á velferð dýra. Stjórnvöld Íslands verða að uppfæra reglugerðir og lög í takt við skilning samtímans á velferð dýra. Að ræna fylfullar, mjólkandi hryssur blóði sínu til þess eins að framleiða frjósemislyf í gróðraskyni samræmist engan veginn þessum skilning og ætti að heyra sögunni til. Frjósemislyf þetta eykur álag á önnur dýr umfram náttúrulega frjósemi þeirra svo hægt sé að hámarka arðsemi í framleiðslu á kjöti. Rót frjósemisvandamála sem þessi dýr glíma við eru m.a. tilkomin vegna þeirra ömurlegu aðstæðna sem maðurinn býður þeim.

Virðingarfyllst,

*Stjórn Samtaka um dýravelferð á Íslandi*